



Fundargerð

1309. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn í Merkinesi, Hljómahöll
4. mars 2021, kl. 08:00

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Baldur Þ. Guðmundsson, Guðbrandur Einarsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Margrét A. Sanders, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Atvinnumál (2021030003)

Í gegnum fjarfundabúnað mættu á fundinn Unnur Sverrisdóttir forstjóri Vinnumálastofnunar, Hildur Jakobína Gísladóttir, forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Suðurnesjum, Hera Ósk Einaradóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Þórdís Ósk Helgadóttir forstöðumaður Súlunnar og Sigurgestur Guðlaugsson, verkefnastjóri atvinnu- og viðskiptaþróunar.

2. Almenningsamgöngur í Reykjaneshæ (2019090564)

Erindinu frestað. Stýrihópnum falið að vinna áfram í málinu.

3. Uppgjör staðgreiðslu (2021020390)

Lagt fram minnisblað frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

4. Áskorun varðandi leiðsöguhunda (2021020812)

Lögð fram áskorun frá Hundaræktarfélagi Íslands og Félagi ábyrgra hundaeigenda.

5. Aðalfundur félags landeigenda Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi 25. mars 2021 (2021020753)

Lagt fram aðalfundarboð félags landeigenda Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi. Bæjarráð felur Unnari Steini Bjarndal bæjarlögmanni að fara með atkvæði Reykjaneshæjar á fundinum.

6. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja 17. desember 2020 (2020010516)

Fundargerð lögð fram.

7. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja 25. febrúar 2021 (2021030004)

Fundargerð lögð fram.



8. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2021010117)

a. Frumvarp til laga um málefni innflytjenda (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð), 452. mál

<https://www.althingi.is/altext/151/s/0771.html>

b. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningaaldur), 272. mál

<https://www.althingi.is/altext/151/s/0304.html>

Umsagnarmál lögð fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.